

## REGLUGERÐ

### um fjárhæðir frítekjumarka (tekjumarka) almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2014.

#### 1. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) bóta samkvæmt lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2014:

|   | <i>frítekjumark kr.</i> | <i>efra tekjumark kr.</i> |
|---|-------------------------|---------------------------|
| a. Vegna fjármagnstekna (allar bætur)   | 98.640                  |                           |
| b. Tekjutrygging vegna eigin atvinnutekna skv. 2. másl. b-liðar 2. mgr. 16. gr. | 1.315.200               |                           |
| c. Tekjutrygging vegna eigin atvinnutekna skv. ákvæði til bráðabirgða           | 1.315.200               |                           |
| d. Ellilífeyrir skv. 2. mgr. 17. gr.  | 2.575.220               | 4.268.612                 |
| e. Örorkulífeyrir skv. 5. mgr. 18. gr.  | 2.575.220               | 4.268.612                 |
| f. Örorkustyrkur skv. 1. mgr. 19. gr.   | 2.575.220               | 4.244.404                 |
| g. Örorkustyrkur skv. 2. mgr. 19. gr.   | 2.575.220               | 4.268.612                 |
| h. Aldurstengd örorkuuppbót (100%) skv. 1. mgr. 21. gr.                         | 2.575.220               | 4.268.612                 |
| i. Tekjutrygging vegna lífeyrissjóðstekna skv. 2. mgr. 22. gr.                  | 259.200                 |                           |
| j. Tekjutrygging vegna lífeyrissjóðstekna skv. 3. mgr. 22. gr.                  | 328.800                 |                           |
| k. Vasapeningar skv. 3. másl. 8. mgr. 48. gr.                                   |                         | 956.308                   |
| l. Vasapeningar skv. 5. másl. 8. mgr. 48. gr.                                   | 812.774                 |                           |

#### 2. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) bóta samkvæmt lögum nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2014:

|  | <i>frítekjumark kr.</i> | <i>efra tekjumark kr.</i> |
|--|-------------------------|---------------------------|
| a. Endurhæfingarlífeyrir skv. 1. mgr. 7. gr.         | 2.575.220               | 4.268.612                 |
| b. Sérstök uppbót skv. 2. mgr. 9. gr.                |                         |                           |
| Til lífeyrisþega sem fær greidda heimilisuppbót      |                         | 218.515                   |
| Til lífeyrisþega sem fær ekki greidda heimilisuppbót |                         | 188.313                   |

#### 3. gr.

Tekjumörk bóta samkvæmt reglugerð nr. 1052/2009 um heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2014:

|                               | <i>efra tekjumark kr.</i> |
|-------------------------------|---------------------------|
| Frekari uppbætur skv. 12. gr. | 2.400.000                 |

#### 4. gr.

*Frítekjumark:* Með frítekjumarki er í reglugerð þessari átt við fjárhæð tekna á ári sem ekki hefur áhrif á bætur.

*Efra tekjumark:* Með efra tekjumarki er í reglugerð þessari átt við fjárhæð tekna á ári sem veldur því að bætur falla niður.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2014. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1215/2012, um fjárhæðir frítekjumarka (tekjumarka) almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2013, með síðari breytingu.

*Velferðarráðuneytinu, 20. desember 2013.*

**Eygló Harðardóttir**  
félags- og húsnæðismálaráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*